

2012-2014

Skýrsla stjórnar Hafnasambands Íslands



39. hafnasambandsþing

haldið í Dalvíkurbyggð og
Fjallabyggð, 4. og 5. september
2014

Hafnasamband Íslands: Skýrsla stjórnar Hafnasambands Íslands 2012–2014
September 2014

Útgefandi: Hafnasamband Íslands
Borgartúni 30
Pósthólf 8100
128 REYKJAVÍK
Sími: 515 4900
Fax: 515 4902
Netfang: hafnasamband@samband.is
Veffang: www.hafnasamband.is

Umbrot og textavinnsla: Gísli Gíslason og Valur Rafn Halldórsson
Ljósmyndir: Valur Rafn Halldórsson

©  Hafnasamband Íslands

I. INNGANGUR

Frá því að hafnasambandsþing var haldið í Vestmannaeyjum í september 2012 hefur efnahagur hafna batnað og umsvif margra hafna vaxið með auknum afla, flutningum og fjölgun skemmtiferðaskípa. Þó svo að betur hafi árað hjá sumum höfnum eru aðrar enn að berjast við þungan rekstur og óvissa stöðu til lengri tíma.

Á starfstímabili stjórnar Hafnasambands Íslands hefur endurskoðun hafnalaga og mótun langtímastefnu fyrir hafnir landsins verið meginverkefni stjórnarinnar og hefur innanríkisráðuneytið nú til meðferðar tillögu að breytingum á hafnalögum, sem miða að því að styrkja starfsemi hafnanna. Lagabókstafurinn einn mun þó aldrei leysa öll vandamál og því verður áfram viðvarandi verkefni að tryggja íslenskum höfnum traustan rekstrargrundvöll. Ýmis önnur verkefni hafa verið ofarlega á baugi stjórnar hafnasambandsins, m.a. vigtarmál, umhverfis- og mengunarmál, hafnavernd og samgönguáætlun.

Varðandi efni samgönguáætlunar til lengri og skemmri tíma er það skoðun stjórnar HÍ að umfjöllun um málefni hafna og verkefni þeirra sé heldur rýr, en boðað er að á gildistíma áætlananna verði mótuð stefna í málefnum hafnanna.

Hafnafundur var haldinn í Grindavík í september 2013 og var þar m.a. fjallað um siglingavernd, skráningakerfi, vigtarreglugerð, breytingar á hafnalögum og fjárhag hafna. Að fundi loknum var hafnarsvæði Grindavíkurhafna skoðað.

Stjórn Hafnasambands Íslands hélt uppi þeirri viðteknu venju að heimsækja hafnir og var á árinu 2013 farið um hafnir í Færeyjum, en á árinu 2014 voru hafnir Faxaflóahafna heimsóttar.

Það er áfram mikilvægt verkefni hafnafólks að styrkja ímynd hafna og skilning á mikilvægi þeirra fyrir byggðarlög og efnahag þjóðarinnar. Sá sannleikur berst frá erlendum þjóðum að viðreisn efnahags hefjist undantekningalaust í höfnunum og ekki verður annað séð en að það sama eigi við á Íslandi. Fjárfestingar í höfnum og aðstöðu fyrirtækja á hafnarsvæðum eru því skynsamlegar. Það á að vera metnaðar mál þjóðarinnar og þeirra sem móta stefnuna til lengri tíma, að hafnir landsins verði, hvað aðstöðu varðar og fjárhag, þær styrku stoðir sem öflugur samgöngukerfi er nauðsynlegt.



II. STJÓRNARFUNDIR OG NEFNDARSTÖRF

STJÓRNARFUNDIR

Frá síðasta hafnasambandsþingi hafa verið haldnir 17 stjórnarfundir og þar af nokkrir símafundir. Sem fyrr hafa verkefni stjórnar verið fjölbreytt. M.a. hafa verið veittar umsagnir um mál sem hafa verið til umfjöllunar á Alþingi, fyrirspurnum svarað frá ýmsum aðilum, afgreidd mál sem m.a. hafa komið frá stjórnarmönnum og starfsmönnum og stjórnendum hafna, mótuð var langtímastefna og skýrsla var skrifuð um efnahagsleg áhrif íslenskra hafna. Starfsnefndir HÍ hafa verið vel virkar, auk þess sem fulltrúar einstakra hafna hafa starfað í nefndum þar sem HÍ hefur tilnefnt fulltrúa.

Þetta fyrirkomulag hefur reynst vel þar sem sérþekking nefndarmanna á hinum ýmsu sviðum kemur að góðum notum. Stjórn hafnasambandsins tímabilið frá 2012 til 2014 var þannig skipuð:

Aðalmenn:

- Gísli Gíslason, hafnarstjóri Faxaflóahafna sf., formaður
- Eyrún Ingibjörg Sigbórsdóttir, hafnarstjóri Tálknafjarðarhafnar, varaformaður
- Már Sveinbjörnsson, hafnarstjóri Hafnarfjarðarhafnar
- Guðný Sverrisdóttir, stjórnarmaður í Hafnasamlagi Norðurlands
- Steinþór Pétursson, hafnarstjóri Fjarðabyggðarhafna
- Ólafur Örn Ólafsson, hafnarstjóri Þorlákshafnar
- Skúli Þórðarson, hafnarstjóri Hvammstangahafnar

Varamenn:

- Guðmundur Kristjánsson hafnarstjóri Hafna Ísafjarðarbæjar
- Björn Arnaldsson, hafnarstjóri Hafna Snæfellsbæjar
- Svanfríður I. Jónasdóttir, hafnarstjóri Dalvíkurhafnar

Í maí 2013 lét Ólafur Örn Ólafsson af störfum sem hafnarstjóri Þorlákshafnar og um leið vék hann úr stjórn hafnasambandsins. Guðmundur Kristjánsson tók sæti hans í aðalstjórn.

NEFNDASTÖRF

Stjórnin skipaði eftirtaldar starfsnefndir með skilgreindum verkefnum á fundi 5. nóvember 2010 og hafa störf nefndanna tekið mið af verkefnum. Talsverður fjöldi funda hefur verið haldinn ýmist í síma eða sem hefðbundnir viðverufundir.

Fræðslunefnd

Aðalverkefni nefndarinnar er að undirbúa fundi og fræðslu á vegum HÍ.

Nefndarmenn:

- Steinþór Pétursson, formaður (Fjarðabyggðarhafnir)
- Pétur Jóhannsson, (Reykjaneshafnir)
- Guðný Sverrisdóttir, (Hafnasamlag Norðurlands)

Umhverfis- og öryggisnefnd

Aðalverkefni nefndarinnar er að fjalla um umhverfismál, öryggismál, starfsemi Gaflsins, slysavarnir, sölu á rafmagni og samskipti við Umhverfisstofnun og iðnaðar- og umhverfisráðuneyti.


Nefndarmenn:

- Hörður Blöndal formaður (Hafnasamlag Norðurlands)
- Már Sveinbjörnsson, (Hafnarfjarðarhöfn)
- Gísli J. Hallsson, (Faxaflóahafnir sf.)
- Björn Arnaldsson (Hafnir Snæfellsbæjar)

TILNEFNING HAFNASAMBANDSINS Í NEFNDIR OG RÁÐ FAGRÁÐ UM HAFNAMÁL 2014-2016

- Ásthildur Sturludóttir (Hafnir Vesturbyggðar)
- Sveinn R. Valgeirsson (Vestmannaeyjahöfn)

Fundargerðir stjórnar og nefnda er að finna á vefsíðu hafnasambandsins www.hafnasamband.is.



III. HAFNAFUNDUR 2013

Sjötti hafnafundur hafnasambandsins var haldinn á veitingastaðnum Brúnni í Grindavík þann 20. september 2013. Innanríkisráðherra Hanna Birna Kristjánsdóttir ávarpaði fundinn. Umfjöllunarefni hafnafundarins voru eftirfarandi:

Fjárhagsstaða hafna árið 2012

Gunnlaugur Júlíusson, sviðsstjóri hag- og upplýsingasviðs Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Langtímastefna fyrir hafnir landsins

Bjarki Vigfússon, verkefnisstjóri hjá Sjávarklasanum.

Siglingavernd breytingar og nýjungar

Stefán Alfreðsson, deildarstjóri siglingaverndar.

Skráningakerfi í stað Lóðsins og flutningur gagna úr Gaflinum

Valur Þórarinnsson, starfsmaður á þjónustu- og ráðgjafasviði Wise.

Vigtarreglugerð

Hrefna Gísladóttir, sviðsstjóri fiskveiðistjórnunarsviðs.

Cod-land

Erla Ósk Pétursdóttir, verkefnisstjóri Vísis.

Kynning á Grindavíkurhöfn

Páll Pétur Pálsson, formaður hafnarnefndar í Grindavík.

Fundinn sóttu rúmlega 70 þátttakendur, fyrirlesarar og gestir.

Dagskrá fundarins lauk svo með kvöldverði á veitingastaðnum Brúnni.

IV. ÁLYKTANIR OG TILLÖGUR ÁRIÐ 2012

Á hafnasambandsþingi í Vestmannaeyjum í september 2012 voru samþykktar eftirfarandi ályktanir og tillögur:

Ályktun um efnahagsleg áhrif íslenskra hafna



38. hafnasambandsþing haldið í Vestmannaeyjum dagana 20. og 21. september 2012 felur stjórn Hafnasambands Íslands að láta gera úttekt á efnahagslegum áhrifum íslenskra hafna og vægi þeirra í íslensku atvinnulífi.

Ályktun um strandsiglingar



38. hafnasambandsþing haldið í Vestmannaeyjum dagana 20. og 21. september 2012 fagnar því, að innanríkisráðherra hafi ákveðið að bjóða út strandsiglingar á næstunni á grundvelli niðurstöðu nefndar sem fjallaði um þau mál. Verkefnið er komið á lokastig og hvetur hafnasambandsþing til þess að málinu verði hrint í framkvæmd.

Ályktun um mótun langtímastefnu fyrir hafnir landsins



38. hafnasambandsþing haldið í Vestmannaeyjum dagana 20. og 21. september beinir því til stjórnar hafnasambandsins að skipaður verði starfshópur, með aðkomu hagsmunaaðila, sem vinni að sýn og langtímastefnu fyrir íslenskar hafnir. Jafnframt er kallað eftir langtímaáætlun á vegum ráðuneytisins til 50 ára um samgöngumál á Íslandi.

Mikilvægt er að íslenskar hafnir uppfylli þær kröfur sem gerðar eru til þeirra sem mikilvægs hluta samgöngukerfis landsins. Stærstur hluti hagkerfis þjóðarinnar og framtíðartækifæri í atvinnulífinu tengjast með einum eða öðrum hætti öruggum hafnarmannvirkjum. Mikilvægt er því að móta stefnu til lengri tíma sem tryggi afkomu hafna og fjárfestingarötu.

Þar sem slík framtíðarsýn liggur ekki fyrir er varhugavert að breyta því stofnanakerfi sem nú styður við hafnir landsins.

Þingið ítrekar áhyggjur af því að ekki sé tekið mið af afstöðu hagsmunaaðila og þeim sem gerst þekkja og telur að sú ákvörðun að færa hafnamál undir Vegagerð ríkisins sé ekki nægjanlega ígrunduð. Lýst er verulegum áhyggjum af því að sú sérþekking og þjónusta við hafnir sem nú er innan Siglingastofnunar, fari forgörðum.

Ályktun um skipulags- og umhverfismál



38. hafnasambandsþing haldið í Vestmannaeyjum dagana 20. og 21. september beinir því til stjórnar hafnasambandsins að taka upp viðræður við yfirvöld umhverfis- og skipulagsmála um að við setningu laga og reglna verði tekið mið af nauðsyn þess að minniháttar framkvæmdir og skipulagsbreytingar lúti ekki ósveigjanlegum og tímaflekum verkferlum. Jafnframt er því beint til yfirvalda umhverfis- og skipulagsmála að gæta hófs í kröfum á þessu sviði og að sinna leiðbeiningarskyldu.

Tillaga um breytingu á hafnalög



Nefndin gerði tillögu um fimm breytingar:

1. Í 13. grein er tillaga að breytingu á 24. grein laganna. Nefndin leggur til að við b-lið bætist orðin „og endurbætur“ og hljóði þá „Endurnýjun og endurbætur á bryggju í eigu hafnar-sjóðs“ og svo framvegis.
2. Í sömu grein c-lið falli út orðið „skjólgarð“ undir nýframkvæmdum og lagt til að skjólgarðar verði styrkhæfir um 90%.
3. Í sömu grein c-lið verði hlutfall nýframkvæmda 60% í stað 50%.
4. Í 6. grein er gerð tillaga að breytingu á 17. grein laganna. Nefndin leggur til aflagjald verði minnst 1,5%.
5. Hafnalaganefnd lagði til að virðisaukaumhverfi hafna verði það sama hvort sem rekstrar-form hafnar sé í eigu sveitarfélags án sérstakrar hafnarstjórnar eða höfn með hafnarstjórn í eigu sveitarfélags.

Ályktun um vigtarmál



38. hafnasambandsþing haldið í Vestmannaeyjum 20. og 21. september 2012 mótmælir harðlega þeim áformum að veita Fiskistofu heimild til að beita stjórnábyrgðum á hafnir og starfsmenn hafna, sbr. 45 gr. frumvarps til laga um breytingu á lögum nr. 116/2006 um stjórn fiskveiða, og telur hafnasambandsþingið algjörlega ótækt að hafa þetta ákvæði hangandi yfir starfsmönnum hafnanna.

Ekki er fundið að eðlilegu og nauðsynlegu eftirliti eftirlitsstofnunar en varað er fast við að færa eftirlitsstofnun óheft vald til huglægs mats á alvarleika brota ásamt ákvörðunar sekta og telur það ekki aðeins varhugavert, heldur til þess fallið að draga verulega úr réttaröryggi.

Hafnasambandsþing bendir á að á sama tíma og þessar breytingartillögur liggja fyrir krefst ríkisvaldið ómældrar vinnu af höfnum landsins, án nokkurrar þóknunar, og sýnir störfum löggiltra vigtarmanna hafnanna tortryggni og takmarkað traust. Jafnframt bendir hafnasambandsþingið á, að lögbundið hlutverk Fiskistofu og annarra aðila sem fara með lögregluvald er að halda upp löggæslu og eftirliti, en það er ekki hlutverk starfsmanna hafna landsins.

V. HELSTU UMFIJÖLLUNARMÁL STJÓRNAR

Helstu mál sem stjórn og nefndir hafa fjallað um frá síðasta hafnasambandsþingi eru:

ENDURSKOÐUN HAFNALAGA

Frumvarp til laga um breytingu á hafnalögum var lagt fyrir Alþingi í byrjun árs 2013, en frumvarpið fékk ekki umfjöllun á þinginu og dagaði uppi. Stjórn Hafnasambandsins átti samræður við innanríkisráðherra sumarið 2013 um mikilvægi þess að frumvarpið yrði á ný lagt fyrir Alþingi og var það lagt fram á haustdögum. Málið fékk litla umfjöllun á þinginu og þó svo að umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis hafi afgreitt frumvarpið frá sér á vordögum 2014 með jákvæðum breytingum á efni þess þá dagaði frumvarpið enn uppi. Nú bíður málið til haustþings en mikilvægt er að í þessari atrennu nái frumvarpið á leiðarenda og verði að lögum.

SKÝRSLA UM FJÁRHAG OG GJALDSKRÁ HAFNA 2012 OG 2013

Hag- og upplýsingasvið Sambands íslenskra sveitarfélaga hefur tekið saman fyrir hvert hafnasambandsþing skýrslu um fjárhagsstöðu hafnanna og verður slík skýrsla lögð fram á hafnasambandsþingi 2014 eins og venja er. Mun skýrslan taka til rekstraráranna 2012 og 2013. Starfsmenn hag- og upplýsingasviðs Sambands íslenskra sveitarfélaga, Gunnlaugur A. Júlíusson sviðsstjóri og Valur Rafn Halldórsson stjórnsýslufræðingur, hafa tekið þessa skýrslu saman

SKÝRSLA UM EFNAHAGSLEG ÁHRIF ÍSLENSKRA HAFNA

Starfsmaður Hafnasambands Íslands, Valur Rafn Halldórsson, hefur skrifað skýrslu sem var einnig MA ritgerð hans um efnahagsleg áhrif íslenskra hafna. Í úttektinni er stuðst við ársreikninga hafnasjóða og sveitarfélaga fyrir árið 2012 sem og gögn frá Hagstofu Íslands og Íslenska sjávarklasnum. Að auki er notast við SVÓT greiningu til að greina styrkleika, veikleika, ógnanir og tækifæri íslenskra hafna.

LANGTÍMASTEFNA FYRIR HAFNIR LANDSINS

Stjórn Hafnasambands Íslands fékk Íslenska sjávarklasann til liðs við sig til að vinna að langtíma stefnu fyrir hafnir landsins. Hefur sú stefna verið unnin í samvinnu við stjórn og hafnir landsins. Sú tillaga sem lögð er fram er lögð fram til umfjöllunar á Hafnasambandsþingi og mikilvægt að samstaða takist um efni stefnumótunar, sem fylgt verði eftir við Alþingi, ekki síst við gerð samgönguáætlana. Langtíma stefna, mótuð af höfnunum sjálfum, er grundvallarskjal um það hvert skuli halda á komandi árum.

LOSUN OG MÓTTAKA ÚRGANGS FRÁ SKIPUM

Umhverfis- og auðlindaráðuneytið vann í lok árs 2013 og byrjun árs 2014 að frumvarpi til breytinga á lögum um móttöku hafna á sorpi og skólpi. Breytingin var talin nauðsynleg vegna krafna ESA um skýrari ákvæði íslenskra laga um efnið. M.a. var kallað eftir ákvæðum um skýrari ákvæði um ábyrgð hafna og gjaldtöku. Af hálfu hafnasambandsins var töluverð vinna lögð í að beina efni frumvarpsins á skynsamlega braut í því skyni að forðast óþarfa aðkomu hafnanna að verkefnum útgerða og óþarfa gjaldtöku og eftirlit. Umhverfismál hafna, m.a. móttaka á sorpi og skólpi hefur tekið miklum breytingum og er ástand þessara mála almennt mjög gott hjá höfnunum. Þrátt fyrir ábendingar Hafnasambandsins þá var lagt fram frumvarp um efnið á Alþingi í byrjun árs 2014 og gerði Hafnasambandið ýmsar athugasemdir við efnið þess. Frumvarpið var samþykkt en komið var til móts við þá tillögu Hafnasambandsins að gildistöku þess var frestað til áramóta. Í umhverfis- og auðlindaráðuneytinu verður nú unnið að gerð reglugerðar sem vonandi skýrir betur hvernig hafnirnar skuli standa að verk við móttöku sorps og skólps og hvernig gjaldtöku skuli háttað. Af hálfu Hafnasambands Íslands verður þar lögð áhersla á að einfaldir verkferlar hafnanna verði ekki flæktir, að óþarfri gjaldtöku verði stillt í hóf og að eftirlitsverkefni hafna í þágu ríkisins verði ekki aukin.

REGLUGERÐ UM VIGTUN OG SKRÁNINGU SJÁVARAFLA

Ítrekað hefur Hafnasamband Íslands leitað eftir samkomulagi við sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið og Fiskistofu um framkvæmd vigtunar sjávarafla, fjarvigtun, ábyrgð vigtarmanna og hlutdeild ríkisins í kostnaði við vigtunina. Málaleitan HÍ hefur ekki hlotið hljómgrunn, þó svo að fjallað hafi verið um málin á fundum og samstarfshópi.

Áherslur sem HÍ hefur sett fram, en þær lúta m.a. að eftirfarandi:

- Möguleika hafnanna á að nota fjarvigtun.
- Greiðslum vegna þjónustu hafnanna við opinbera aðila.
- Kostnað og fyrirhöfn vegna námskeiðahalds og vigtarréttinda.
- Skilgreining á hlutverki hafna skv. gildandi lögum.
- Hæfisreglur varðandi vigtarmenn.
- Ábyrgð vigtarmanna.

Í frumvarpi til breytingar á lögum um stjórn fiskveiða virðist heldur hert á ábyrgð vigtarmanna og hún gerð hlutlæg, þ.e. að yfirsjónir og mistök geta orðið refsiverð án tillits til sakar eða ásetnings um brot. Að auki er frekar fest í sessi heimild Fiskistofu til að beita svonefndum stjórnvaldssektum, sem um margt geta verið afar íþyngjandi fyrir starfsmenn hafnanna. Þegar haft er í huga að málsmeðferð og ákvörðun stjórnvaldssekta er mun frumstæðari en sektir sem dómstólar leggja á einstaklinga þá verður að gjalda varhug við ofnotkun á heimildum einstakra stjórnvalda til álagningar stjórnvaldssekta ekki hvað síst þegar slíkum úrræðum er beint að starfsmönnum hafna, sem í raun annast alla skráningu í fiskveiðistjórnunarkerfi ríkisins. Slíkt háttarlag getur ekki talist eðlilegt og auk hafnanna ættu sveitarfélög og stéttarfélag starfsmanna að láta málið til sín taka með afgerandi hætti. Nú hefur verið tilkynnt um að Fiskistofa verði flutt á Akureyri. Mikilvægt er að samstarf

stofnunarinnar við hafnir landsins verði aukið og nýrra leiða leitað til að koma til móts við sjónarmið hafnanna og verkefni verkefna í þágu eftirlits með fiskveiðistjórnunarkerfinu.

FRAMTÍÐARSKIPAN STOFNANA Í SAMGÖNGUMÁLUM

Nú hafa tekið gildi lög um endurskipulagningu á samgöngustofnunum ríkisins. M.a. stofnun Samgöngustofu, sem annast á alla stjórnsýslu tengda samgöngumálum og þar með hafnamálum, en hluti hafnaverkefna er þó felldur undir Vegagerðina. Hafnasamband Íslands hefur ítrekað ályktað að þjóð sem byggir á útgerð, fiskvinnslu og flutningum til og frá landinu á sjó eigi að reka stofnun þar sem málefni hafs og stranda eru í öndvegi. Einkum á þetta við þar sem auðlindir þjóðarinnar eru ekki síður í hafinu en á landi og væntingar um efnisvinnslu, olíuvinnslu og siglingar um svonefnda norðvesturleið milli Asíu og Evrópu. Mikilvægt er að þróun verkefna Samgöngustofu og Vegagerðarinnar verði til þess að styrkja starfsemi hafnanna og til þess að auka öryggi sjófarenda. Því er mikilvægt að þessar tvær stofnanir sem fara nú með mikilvægan hluta af málefnum hafna vinni vel með höfnunum að framgangi nausynlegra mála.

FJALLAÐ VAR UM EFTIRTALIN LAGAFRUMVÖRÐ OG ÞINGMÁL

Stjórn Hafnasambands Íslands gaf umsagnir um fjölda frumvarpa til laga og er þau eftirfarandi:

- Frumvarp til laga um mat á umhverfisáhrifum
- Reglugerð um vigtun og skráningu sjávarafla, með síðari breytingu
- Reglugerð um viðbrögð við bráðamengun hafs og stranda
- Frumvarp um hafnalög
- Frumvarp til laga um stjórn fiskveiða
- Frumvarp til laga um strandveiðar
- Frumvarp um breytingu á lögum um siglingavernd
- Frumvarp til laga um umgengni um nytjastofna sjávar (stjórnvaldssektir og viðurlög)
- Reglugerð um meðferð dýpkunarefnis
- Frumvarp til laga um breytingu á lögum um losun og móttöku úrgangs frá skipum
- Frumvarp til laga um byggingarvörur (heildarlög, EES-reglur)
- Tillaga til þingsályktunar um flutning Landhelgisgæslunnar til Reykjanesbæjar
- Frumvarp til laga um mat á umhverfisáhrifum
- Frumvarp til laga um breytingu á lögum um siglingavernd
- Tillaga til þingsályktunar um fjögurra ára samgönguáætlun 2013-2016



ÖNNUR VERKEFNI STJÓRNAR

Í maí 2013 heimsótti stjórn Hafnasambands Íslands hafnir í Færeyjum og í maí 2014 heimsótti stjórnin Faxaflóahafnir Heimsóknirnar voru afar fræðandi og mikilvægur þáttur í starfsemi stjórnarinnar.

Á fundi stjórnar HÍ í ágúst 2014 var opnaður nýr og endurbættur vefur hafnasambandsins – www.hafnasamband.is. Ingibjörg Hinriksdóttir, tækni- og upplýsingafulltrúi Sambands íslenskra sveitarfélaga og Valur Rafn Halldórsson höfðu veg og vanda af gerð nýja vefjarins. Ingibjörg sér jafnframt um viðhald hans og uppfærslur. Er það samdóma álit að vel hafi tekist til með endurbætur vefjarins.

VI. NIÐURLAG

Stjórn Hafnasambands Íslands fjallaði á liðnu starfstímabili um fjölmörg mál sem varða hagsmuni hafnanna og skipta verulega máli.

Tvö meginverkefni blasa við höfnunum. Annars vegar lögleiðing þeirra tillagna sem fyrir liggja frumvarpi að breytingu á hafnalögum og hins vegar sameiginleg stefnumótun hafna um sýn á framtíðina og þau markmið sem hafnirnar vilja stefna á. Það er síst of djúpt í árina tekið þegar því er haldið fram að rekstur hafna sé sífelld uppspretta áskorana og verðugra verkefna. Aðstaðan, hugvitið og tækifærin eru til staðar en okkar sjálfra að vinna sem best úr þessum þáttum. Hafnirnar gegna sem fyrr mikilvægu hlutverki og við eigum að vera óhrædd við að fara nýjar leiðir og taka ekki viðtekna venju sem hina einu færni leið. Það er mikilvægt að hafnirnar hafi framtíðarsýn á þau tækifæri og möguleika sem felast í breytingum á siglingum í Norðurhöfum, samstarfi við nágranna okkar á Grænlandi og í Færeyjum, nýtingu auðlinda og flutningum til og frá Íslandi. Flutningakerfi Íslendinga á lofti og láði er hornsteinn í samfélagi okkar og þróaðra en margir átta sig á. Góðar hafnir og flugvelli gegna því veigamiklu hlutverki á Íslandi og skapa tækifæri til jákvæðrar þróunar efnahags- og atvinnulífs. Hvað hafnirnar varðar þá er það okkar hlutverk að halda mikilvægi þeirra á lofti og hafa frumkvæði að nauðsynlegri þróun sem getur styrkt starfsemina.

Rekstur Hafnasambands Íslands hefur verið í samræmi við þá áætlun sem hafnasambandsþing samþykkti í Stykkishólmi árið 2010 og er fjárhagsstaða sambandsins sterk.

Hafnasambandsþing er nú haldið í Fjallabyggð og Dalvík þar sem útgerð og fiskvinnsla er mikilvægur hornsteinn byggðanna. Sveitarfélögin treysta á öruggar samgöngur á sjó og landi og eru gott dæmi um samfélög þar sem hafnirnar forsenda blómlegrar byggðar. Stjórn Hafnasambands Íslands færir þeim sem standa að undirbúningi og framkvæmd þingsins bestu þakkir fyrir vel unnið verk.

Sú stjórn sem lokið hefur kjörtímabili sínu hefur unnið einarðlega að verkefnum sínum og er þeim öllum þakkað fyrir gott og farsælt samstarf á liðnum tveimur árum.

Á næstu árum er ljóst að bætt hafnalög, skörp framtíðarsýn og samgönguáætlun munu verða þau verkfæri sem miklu skipta fyrir íslenskar hafnir. Vissulega munu sem fyrr verða sveiflur í aflabroögðum og efnahag en síðustu ár hafa minnt rækilega á mikilvægi góðra hafna og áætlanir ríkisins um stefnu í málefnum hafna og framlög til framkvæmda munu ráð mestu um hvernig til tekst annars vegar til að tryggja rekstrargrundvöll hafnanna og hins vegar að sækja fram þar sem tækifærin eru fyrir hendi. Við berum okkur saman við hafnarrekstur í nágrannalöndum okkar þar sem styrkir ríkis og þjóðasambands skipta miklu máli við uppbyggingu innviða í samgöngum. Á Íslandi verðum við að treysta á eigin getu og styrk og þess vegna er mikilvægt að framtíðarsýnin sé skýr, samstarf hafnanna, sveitarfélaga og ríkisins traust og að vegferðin fram á við sé gengin í takt. Við höfum úr takmörkuðu fjármagni að spila og því er mikilvægt að nýta vel þá fjármuni sem fara til reksturs og uppbyggingu hafna, en í þeim efnum hefur íslenskt hafnafólk staðið vaktina af miklum sóma. Betur má þó ef duga skal og næstu ár munu eflaust krefjast enn meiri hugkvæmni eigenda, stjórna og starfsmanna hafna varðandi rekstur, viðhald og

uppbyggingu hafna.. Hafnirnar eru hornsteinn í efnahags- og samgöngukerfi landsins. Okkur ber skylda til að sjá til þess að þessi hornsteinn gegni hlutverki sínu með sóma.

Gert í júlí 2014.

*Gísli Gíslason,
formaður stjórnar Hafnasambands Íslands.*